



Fundur háskólaráðs 27. nóvember 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 25.11.2003
Dags: 27.11.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

18/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 27. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Ármann Höskuldsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Hjalti Hugason, Þorsteinn Loftsson, Davíð Gunnarsson, María Guðmundsdóttir, Inga Jóna Þórðardóttir og Stefán Svavarsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram fundargerð 11. háskólafundar 7. nóvember 2003.
- 1.2 Lagðar fram siðareglur Háskóla Íslands, sbr. samþykkt 11. háskólafundar 7. nóvember 2003.
- 1.3 Lagðar fram reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar, með áorðnum breytingum.
- 1.4 Lögð fram skýrsla Vinnumatssjóðs 2003 vegna verka ársins 2002.
- 1.5 Lögð fram stefna á hendur Háskóla Íslands, lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. október 2003. Stefnandi Jón Ragnar Stefánsson.
- 1.6 Lögð fram umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Hoppdrætti Háskóla Íslands.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram fyrstu drög frá formannanefnd um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Einnig lagt fram bréf frá Félagi prófessora, dags. 14. nóvember 2003, og skriflegar athugasemdir Jóhannesar R. Sveinssonar, starfandi formanns Félags háskólakennara, dags. 25. nóvember 2003.
 - Rektor og Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, gerðu rækilega grein fyrir málinu og verður það sent deildum, stofnunum og kjarafélögum kennara til umsagnar.
- 2.2 Tillaga að erindisbréfi samráðsnefndar um kjaramál.
Fyrir fundinum lágu frumdrög að erindisbréfi.
 - Stefáni Svavarssyni og Þorsteini Loftssyni falið að fara yfir tillöguna, ásamt Guðmundi R. Jónssyni, formanni samráðsnefndar, fyrir fund ráðsins 18. desember nk.
- 2.3 Skipun stjórnar Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
 - Samþykkt einróma að stjórn Rannsóknþjónusta Háskólans verði skipuð eftirtöldum fulltrúum til næstu tveggja ára, frá 20. desember 2003 að telja: Guðrúnu Hálfánardóttur, fréttastjóra Viðskiptablaðs Morgunblaðsins (tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins),

Hermanni Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Vaka-DNG (tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins),

Davíð Stefánssyni, framkvæmdastjóra Vefs samskiptalausna ehf. (tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins),

Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs Háskóla Íslands (tilnefndur af H.Í.),

Ingjaldi Hannibalssyni, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs Háskóla Íslands (tilnefndur af H.Í.),

Pórdísi Kristmundsdóttur, prófessor í lyfjafræðideild (tilnefnd af H.Í.).

Guðmundur R. Jónsson verður varamaður Ingjalds Hannibalssonar.

- 2.4 Lagðar fram starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands, samþykktar á 11. háskólafundi 7. nóvember 2003.

- Starfsreglur siðanefndar Háskóla Íslands samþykktar einróma. Einnig samþykkt einróma að skipa Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræðideild, formann siðanefndar Háskólans. Skipunartími hans er þrjú ár, frá 1. desember 2003 að telja.

- 2.5 Lögð fram umsögn kennslumálanefndar vegna skýrslu menntamála-ráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs.

- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Fjármál Háskóla Íslands, framhald umræðu, sbr. síðasta fund.

a) Forsendur við skiptingu fjárveitingar ársins 2004 og við uppgjör 2003.

b) Drög að nýjum kennslusamningi.

c) Fundur Háskóla Íslands með fjárlaganefnd Alþingis 20. nóvember 2003.

d) Minnisblað um framkvæmd rannsóknasamning, sbr. síðasta fund, ásamt drögum að yfirlýsingu vegna lækkunar fjárveitingar til rannsóknna frá rektor og formanni fjármálanefndar, sem lögð var fram 9. október 2003.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir málinu, einkum fyrirbyggjandi drögum að nýjum kennslusamningi og afleiðingum fjárlagafrumvarps Alþingis fyrir árið 2004. Í máli rektors kom m.a. fram að virkum nemendum (ársverkum nemenda) hefur fjölgað mun meira en gert hefur verið ráð fyrir. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004 er þannig gert ráð fyrir 5.200 virkum nemendum, en ný spá Háskólans gerir ráð fyrir að þeir verði 5.750. Þá gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir að framlag ríkisins vegna rannsókna við Háskólann muni lækka um 105 m.kr. vegna niðurfellingar viðbótarframlags skv. rannsóknasamningi. Greindi rektor frá því að fyrir Háskólann skipti þrennt mestu máli: 1) Raunveruleg fjölgun virkra nemenda verði viðurkennd, 2) rannsóknafé verði ekki skert og gerður verði nýr rannsóknasamningur, 3) hin svonefnda launastika verði leiðrétt í samræmi við raunverulegan launakostnað kennara Háskólans.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir tillögum fjármálanefndar háskólaráðs vegna uppgjörs 2003 og skiptingar fjárveitingar ársins 2004 og þeim vanda sem við blasir á komandi ári.

Málið var rætt ítarlega og svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Að umræðu lokinni samþykkti háskólaráð einróma svohljóðandi bókun í tilefni af fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

„Háskólaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að fjárframlag til Háskóla Íslands verði hækkað í samræmi við þá fjölgun nemenda sem ljóst er að verða mun á árinu 2004.

Jafnframt beinir háskólaráð þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að ekki verði

dregið úr framlögum til rannsókna við Háskólann eins og gert er í fjárlagafrumvarpinu með niðurfellingu viðbótarframlags skv. rannsókna-samningi. Ennfremur fer háskólaráð fram á að nemendaframlög verði leiðrétt vegna launahækkana undanfarinna ára sem ekki hafa verið bættar.”

- 3.2 Brautskráning að vori, sbr. síðasta fund. Afstaða deildarforsetafundar 10. nóvember sl.
Rektor kynnti afstöðu deildarforseta.
- Samþykkt einróma að fyrirkomulag brautskráninga að vori verði óbreytt, þ.e. 19. júní 2004.
- 3.3 Drög að reglum um þverfaglegt nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði, sbr. síðasta fund.
- Samþykkt einróma.
- 3.4 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Fornleifastofnunar Íslands, sbr. síðasta fund.
- Málinu frestað að ósk heimspekideildar.
- 3.5 Reglur stofnana, lok vinnu við nýjar reglur, sbr. síðasta fund:
 - a) Drög að nýjum reglum fyrir Lífeðlisfræðistofnun H.Í.
 - b) Tillaga um að mannfræðistofnun verði felld inn í Félagsvísindastofnun.- Reglurnar og tillagan samþykktar einróma.
- 3.6 Tillaga Vinnuhóps um samningsgerð: Yfirlýsing um fyrirhugaðan samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar og jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans í nýja stofnun innan Raunvísindastofnunar, sbr. síðasta fund.
- Samþykkt einróma að áfram verði unnið að fyrirhuguðum samruna í anda yfirlýsingarinnar.

4. Önnur mál

- 4.1 Stefán Svavarsson óskaði eftir því f.h. forseta lagadeildar, félagsvísindadeildar og viðskipta- og hagfræðideildar að á næsta fundi fjalli háskólaráð um frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.35